

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á faglegum fyrirmælum landlæknis um ábendingar fyrir gjaldfrjálsri greiningu á SARS-CoV-2 veirunni sem veldur COVID-19 sjúkdómnum.

Með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, hefur heilbrigðisráðherra hinn 10. júní 2020 staðfest fyrirmæli landlæknis um ábendingar fyrir gjaldfrjálsri greiningu á SARS-CoV-2 veirunni sem veldur COVID-19 sjúkdómnum.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 10. júní 2020.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Ásta Valdimarsdóttir.*

#### Fylgiskjal.

#### FYRIRMÆLI

### landlæknis um ábendingar fyrir gjaldfrjálsri greiningu á SARS-CoV-2 veirunni sem veldur COVID-19 sjúkdómnum.

Í 11. gr. reglugerðar nr. 817/2012 kemur fram að greining, meðferð og eftirfylgni tilkynningarskyldra sjúkdóma, sbr. reglugerð nr. 221/2012, um skýrslugerð vegna sóttvarna, fyrir aðra en getið er um í 10. gr., skuli vera sjúklingi, sem leitar til göngudeilda sem sinna tilkynningarskyldum sjúkdómum skv. 1. gr. eða heilsugæslustöðva, að kostnaðarlausu.

Að mati landlæknis er ekki ólíklegt að ásókn geti orðið í PCR-mælingu fyrir veirunni SARS-CoV-2 vegna vottorða sem tengd eru ferðum Íslendinga til annarra landa, þ.e. til útilokunar og án þess að grunur sé uppi um sýkingu og á þá ofangreint ákvæði 11. gr. ekki við. Því er mikilvægt að afmarka eftirfarandi ábendingar fyrir gjaldfrjálsri sýnatöku með fyrirmælum til heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna og sem landlæknir setur fram að viðhöfðu samráði við sóttvarnalækni.

Landlæknir beinir þeim fyrirmælum til heilbrigðisstofnana og heilbrigðisstarfsmanna að eftirfarandi ábendingar skuli lagðar til grundvallar sýnatöku vegna rökstudds gruns um COVID-19:

- Einstaklingar sem uppfylla eitthvert eftirfarandi einkenna þar sem grunur leikur á COVID-19:
  - o hiti  $\geq 38,5^{\circ}\text{C}$  við skoðun,
  - o bein- og vöðvaverkir,
  - o hósti eða andþyngsli,
  - o skyndilegar breytingar á bragð- og/eða lyktarskyni.
- Önnur sjaldgæfari einkenni sem geta samrýmt COVID-19 og þar sem hlutaðeigandi læknir gerir grein fyrir rökstuðningi fyrir beiðni, til dæmis:
  - o kvefeinkenni, hálssærindi, ógleði, uppköst eða niðurgangur.
- Sýnatökur hjá einkennalausum þar sem um er að ræða faraldsfræðileg tengsl við einstakling með staðfest COVID-19 og sýnataka sem að mati læknis hefur þýðingu varðandi sóttkví eða önnur úrræði.
- Þörf á vottorði vegna ferðar til annars lands til að sækja heilbrigðisþjónustu sem greidd er af Sjúkratryggingum Íslands.